

Hraunborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra mat.....	5
Lóuland	5
Spóaland.....	8
Prastaland.....	11
3 Ytra mat.....	14
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	23
7 Fylgigögn	25
7.1 Umsögn foreldraráðs.....	25

Leiðarljós leikskólans:

„Að vera í skóla er ekki undirbúningur fyrir lífið, það er lífið” John Dewey.

Í Hraunborg leggjum við áherslu á einkunnarorðin okkar „leikur, læsi og lífsgleði”. Við trúum því að áhugi barns stjórni námi þess og að það læri af eigin reynslu. Undirstöðupættir í uppeldisstarfinu eru: Leikur, læsi í hólkvíðum skilningi, gleði og lífsleikni. Í leik lærir barn að þekkja og virða sjálft sig og aðra, það þróar með sér jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði, sjálfsaga og að eiga samskipti við aðra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta starfsárs fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Hefðbundin verkefni sem sneru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað. Við bættust ný verkefni sem tengdust umbótum vegna ytra mats svo sem innleiðing á Jákvæðum aga sem gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, hlustun, vinsemd og festu. Vísbendingar voru í ytra matinu um að þessa þætti væri mikilvægt að styrkja hjá okkur. Jákvæður agi kennir einnig félagsfærni og lífsleikni en það eru einmitt þættir sem við völdum að byrja á að vinna með út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig unnum við að endurnýjun á leikfangakosti og endurskipulagningu húsnæðisins. Við ákváðum að prófa að fækka borðum á deildum og færa einn hóp af hvorri eldri deild inn í listaberg í matartíma og síðdegishressingu. Þessi breyting finnst okkur góð þannig að við munum framvegis hafa þetta svona. Vinna með innleiðingu jákvæðs aga heldur einnig áfram á næsta ári.

Leikskólastarfið gekk vel, við lögðum af stað með nokkra nýliða sem lærðu smátt og smátt inn á verkefnin sem tilheyra starfinu. Áætlanir stóðust að mestu leyti fram í febrúar. Aðlögun barna milli deilda hófst síðari hluta ágústmanaðar og nýrra barna á yngstu deild, aðlögun þeirra gekk vel. Í september fengum við fræðslu um Jákvæðan aga. Við stofnuðum fimm manna stýrihóp til að halda utan um innleiðingu verkferla vegna jákvæðs aga og hófum svo vinnu með verkfæri tengd honum með börnunum. Í október fengum við fræðslu fyrir alla starfsmenn um Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og um klámvæðingu og leikfangaval fyrir börn frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Einnig fengum við upprifjun á því hvernig vinna á með kennslugögnin Orðahljóð og Sögugrunn. Deildarstjóri yngstu deildar fór á námskeið um deildarstjórn og deildarstjóri annarrar eldri deildarinnar tók þátt í handleiðsluhópi fyrir

deildarstjóra. Leikskólastjóri tók þátt í vinnu við gerð Læsisstefnu fyrir hverfið fyrir hönd leikskólans. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri tóku þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra sem þeim fannst mjög fræðandi.

Í febrúar hófst verkfall Eflingarstarfsmanna sem truflaði starf okkur í rúmar þrjár vikur samtals. Að því loknu komu starfsmenn til baka í nokkra daga og þá tók við sóttkví allra starfsmanna og ýmiss konar takmarkanir fylgjandi Covid-19, þetta olli því að stór hluti af því sem gera átti eftir áramót tókst ekki. Stjórnendur leikskólans unnu á verkfallstímanum að endanlegri textagerð fyrir Skólanámskrár Hraunborgar og handbók fyrir foreldra. Vegna þessara aðstæðna er fyrirhugað að vinna með starfsáætlun síðasta árs aftur á næsta ári, við gerum þó smávægilegar breytingar varðandi umbótaþætti og matsþætti sem vinna á með. Næsta starfsár ætlum við að meta stjórnun, skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, mat á námi og velferð, starfsánægju og opinber birting og umbætur.

2 Innra mat

Lóuland

Á Lóulandi eru 25 börn og fjórir starfsmenn. Gott samstarf og andrúmsloft ríkir á deildinni. Börnin eru á aldrinum 3ja til 6 ára. Yfir heildina gekk starfið vel síðasta ár. Aðlögunin hjá okkur gekk mjög vel og voru börnin fljót að aðlagast.

Foreldrasamstarfið var gott yfir heildina, reynt var að skapa samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtölin voru bæði fyrir og eftir áramót. Foreldrar nýju barnanna fengu viðtal fyrir áramót um hvernig aðlögunin gekk. Foreldrar eldri og yngri barna fengu viðtal eftir áramót. Foreldraviðtölin frestuðust þó vegna verkfalls og Covid-19 en þau fóru fram símleiðis eða hér í leikskólanum í maí og júní. Einnig höfðu foreldrar tækifæri á að biðja um auka viðtal ef þeir óskuðu þess.

Upplýsingar til foreldra voru aðallega munnlega og einnig í gegnum tölvupóst. Við notuðum mikið upplýsingatöfluna í fatherberginu sem virðist ekki vera mikið notuð af foreldrum og síðan erum við með facebooksíðu fyrir deildina sem foreldrar kunna vel að meta. Þar setjum við inn upplýsingar um starfið og eru foreldrar mun duglegri að nýta þann upplýsingamiðil.

Hópastarfið gekk vel fyrir áramót en varð stopult eftir áramót vegna verkfalls og Covid-19. Stjórnendahópurinn í leikskólanum tók þá ákvörðun eftir Covid-19 að fella niður hópastarfið út maí. Allir starfsmann á deildina voru vanir og gekk hópastarfið mjög vel. Hóparnir voru þrír og skiptum við í hópana eftir aldri barnanna. Við héldum félagfærni inni og kom það mjög vel út. Við töldum og sáum hvað það væri mikilvægt fyrir börnin að halda félagsfærninni í hópastarfinu.

Eitt af gildum leikskólans er læsi, Við unnum markvisst með læsi og notuðum við námsefnið Lubbi finnur málbein, notuðum einnig Orðahljóð sem er lottóspil sem þjálfar hljóðvitund og einnig notuðum við Sögugrunn sem þjálfar frásögn og sögugerð. Í hverri viku kynntum við börnunum eitt málhljóð og unnum við með það á ýmsa vegu. Börnin hlustuðu á sögu tengdu málhljóðinu, elstu börnin æfðu sig að skrifa málhljóðið, fundu orð sem byrjuðu á málhljóðinu og sungu kvæðið um málhljóðið.

Yngstu börnin fengu málhljóðið til að lita, klippa og líma og sungu kvæðið um málhljóðið.

Elsti hópurinn vann með stærðfræðibækur sem ætlaðar eru leikskólabörnum. Að okkar mati fannst okkur bókin frekar þung fyrir næst elsta hópinn. Stærðfræðin var því tekin út að ákvörðun stjórnendahópsins og félagsfærnin kom í stað stærðfræðinnar fyrir næstelstu börnin.

Boðið var upp á frjálsan leik eftir hádegi sem gekk vel og er mjög vinsælt hjá öllum börnunum og notuðum við það einnig ef hópastarfið féll niður. Útiveran var vel nýtt þ.e.a.s. þegar veðrið bauð upp á útiveru.

Vettvangsferðir voru skipulagðar og áttu börnin að leita í umhverfinu að málhljóði vikunnar í umhverfinu. Ferðirnar voru reglulegar og gengu vel. Við nýttum kennsluefnið um hann Lubba í leiðinni sem kom mjög vel út.

Samvera var fastur liður í dagskipulaginu tvisvar á dag, þar var sungið, lesið og ýmislegt rætt um daginn og veginn. Yfir heildina gekk það vel. Tvisvar sinnum í viku héldum við barnafundi og þar var ýmisleg rætt. Meðal annars vinátta og hvað felst í því, hegðun, við æfðum okkur að hrósa hvert öðru og fleira.

Matmálstími gekk yfir heildina vel, mikil ró og næði og oft skemmtilegar umræður hjá börnunum. Skólahópur færðist yfir í Listaberg til að auka gólfleikrými á deildinni og verða þar áfram. Börnin fengu að skammta sér sjálf og ganga frá eftir sig nema meðan Covid-19 gekk yfir.

Hvíldin gekk yfir höfuð vel, þar var lögð áhersla að ná ró og að læra að slaka á. Einnig var hlustað á sögur í upptökuformi eða á rólega tónlist.

Yfir heildina gekk samstarfið á deildinni vel, á milli starfsfólks var virðing og traust. Við lögðum áherslu á að að hver og einn starfsmaður færi eftir deildarskipulaginu, inni sjálfstætt og hefðu yfirsýn yfir það sem þyrfti að gera til að allt gengi vel á deildinni.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver Framkvæmir	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni, hópur eða safna gögnum	Viðmið er gæðalýsing Og/eða Mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Klára að útbúa og taka í notkun feril-möppu fyrir hvert barn sem inniheldur skráningar um nám þeirra	Stefnt er að því að bæta skráningar á námi barnanna	Þurfum að ákveða hvað við ætlum að hafa í ferilmöppu hvers barns. Einnig hvernig við ætlum að nýta þessi gögn fyrir barnið og starfið	Hefst haust 2020 og lýkur að vori 2021	Allir starfsmenn deildarinnar	Að vori munu kennarar skoða möppur barnanna og sjá hvort að þau verkefni sem var búið að ákveða að hvert barn inni séu í möppunni	Að öll börnin á deildinni verði komin með ferilmöppu þar sem nám þeirra er skráð bæði skriflega og á myndrænan hátt

Spóaland

Nýir starfsmenn tóku við deildinni í haust, þeirra fyrstu verkefni voru að kynnast börnunum, foreldrum þeirra, aðstæðunum á deildinni, starfsaðferðum og efnivið til leiks. Aðlögun nýrra barna var krefjandi en lögð var áhersla á að byggja upp góð samskipti við börnin og foreldra þeirra. Hópastarfið gekk samkvæmt áætlun en reynsluleysi starfsmann gerði það að verkum að verkefni sem vinna átti tókust ekki alltaf eins vel og þeir hefðu viljað. Vinnan með Lubba, Orðahljóð og Sögugrunninn gekk oftast vel. Í september var námskeiðsdagur þar var jákvæður agi kynntur. Hann höfðaði vel til starfsmanna og hafist var handa við að innleiða hann, það gekk vel og fundu starfsmenn að samskipti við börnin gengu betur og börnunum leið betur. Í tengslum við jákvæðan aga voru einnig haldnir barnafundir á þeim voru rædd helstu viðfangsefni hverrar viku og einnig var rætt um líðan og hrósað fyrir það sem vel var gert. Daglegar samverustundir voru fyrst fremur erfiðar en þegar á leið gengu þær vel. Útivera og vettvangsferðir gengu nokkuð vel, börnin voru ánægð úti og vettvangsferðirnar sköpuðu tækifæri til leikja á leikvöllum hverfisins og til að skoða merkilega hluti í umhverfinu. Fækkað var borðum á deildinni til að fá aukið leiksvæði á gólfi, elstu börnin voru færð í listabergi til að borða. Starfsmönnum fannst fyrst erfitt að venjast þessu en sættu sig við það og fannst aukning leiksvæðisins góð. Einnig var skipt um leikefni í heimilisleikjakrók þar var hætt að nota stóra eldhúsinnréttingu og lítil kom í staðinn. Þetta hafði einnig góð áhrif á leikrýmið.



Verkfall Eflingarstarfsmanna og Covid-19 settu allt starfið úr skorðum frá því í febrúar. Mikil aukavinna var við sóttthreinsun allra snertiflata og leikfanga vegna Covid-19. Þrír af starfsmönnum deildarinnar veiktust og voru töluverðan tíma frá störfum. Þrátt fyrir þetta allt gekk samvinna starfsmanna vel.

Vorið 2019 var ákveðið að taka fyrir tvo umbótaþætti út frá ytra mati fyrir skólaárið 2019 - 2020. Fyrir valinu urðu; Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum og Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við. Við teljum að með því að halda áfram við þessa tvo umbótaþætti þá náum við í leiðinni betri tókum á ýmsum öðrum þáttum sem var ábótavant.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær heft og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópar, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum	Stefnt er að því að leggja meiri áherslu á barnafundi. Starfsmenn finna tíma yfir daginn til að ákveða möguleg viðfangsefni fyrir fundina fyrirfram. Hugmyndir punktaðar niður á blað á deildarfundum.	Starfsfólk leggur meiri vinnu í að skipuleggja barnafund fyrir fram og forðast að hafa alla fundi eins.	Veturinn 2020 - 2021	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Punkta hjá sér, spyrja börnin, ýta undir það að allir taki virkan þátt á fundum. Hlusta á börnin.	Að starfsfólk taki mark á börnunum og þeirra upplifunum. Starfsfólk þarf að hlusta á börnin og vera til staðar fyrir þau alltaf.

Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.	Að starfsfólk sé vakandi og sjái þegar það þarf að fara inn í leik barnanna og leiðbeina þeim.	Starfsfólk sé á staðnum (í núinu), fylgist með börnunum og taki virkan þátt þegar það á við. Finna lesefni fyrir starfsfólk um mikilvægi leiksins. Skrá niður hvað við gerðum og hvernig gekk	Veturinn 2018-2019	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Á deildarfundum eftir áramót, ræða hvernig hefur gengið, ræða skráningar sem hafa verið gerðar. Hvað getum við gert betur. Endurmat í maí	Að starfsfólk taki ósjálfrátt þátt í leik barnanna og finnist það eðlilegt ferli
---	---	--	---------------------------	---	--	---

Þræstaland

Á deildinni eru fjórir starfsmenn. Gott andrúmsloft og gott samstarf einkennir deildina. Aðlögun hófst í lok ágúst og stóð fram í janúar. Alls byrjuðu ellefu börn á deildinni þennan vetur. Aðlögun gekk vel. Samstarf við foreldra var oftast ágætt, virðing foreldra í garð starfsmanna var stundum ekki nógu góð, t.d. varðaði skilning á óskum starfsmann varðandi þarfir barnanna og áhugaleysi á starfi deildarinnar. Tvö foreldraviðtöl voru yfir veturinn, að hausti rétt eftir að aðlögun hófst og svo aftur að vori. Upplýsingum var komið til foreldra með tölvupósti, auglýsingum í fataherbergi eða á sameiginlegri facebooksíðu deildarinnar.

Hópastarf hófst í september þar var stuðst við vikuseðla. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að læra að leika sér saman í hóp. Umbótaþættir sem teknir voru fyrir í vetur voru málörvun og skráningar á námi barna. Skráningar á námi gengu vel, en við hefðum viljað geta gert betur með málörvunina. Við málörvun var stuðst við kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“. Þar eru málhljóðin kynnt fyrir þeim og Lubbalögin sungin. Önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman, við matarborðið, í fataherbergi og við bleyjuskripti svo eitthvað sé nefnt. Söng-, samveru- og lesstundir eru einnig daglegar. Elstu börn deildarinnar af erlendum uppruna fara auk þess í málörvunarstundir með sérkennslustarfsmanni. Okkur langar að halda áfram með málörvun vegna truflunar á skólastarfi vegna verkfalls og Covid-19. Málörvun verður því áfram umbótaþáttur.

Varðandi seinni umbótaþáttinn, skráning á námi barna þá gekk það mjög vel í vetur. Myndskráningar hafa verið mikið notaðar, sýnum vinnuna við verkið og allt gert sýnilegt fyrir foreldra. Vikuskráningar á hópastarfi hafa einnig verið aðgengilegar fyrir foreldra í fataherbergi. Við lítum svo á að þessi umbótaþáttur sé einnig komin í góðan farveg og munum halda áfram uppteknum hætti. Skráning á námi barna verður því ekki lengur umbótaþáttur. Nýr umbótaþáttur verður því næsta skólaár, vinna á marvisst með sjálfstæði.

Í vetur byrjuðum við einnig að gera ferilmöppur en í þær söfnum við ýmsu skemmtilegu eftir börnin. Meðal annars skráum við hæð, spyrjum spurninga, handa- og fótafar tekið svo eitthvað sé nefnt. Ferilmappan er skemmtileg aðferð á skráningu á þroska og námi barnanna.

Útiveran gekk vel, við lögðum mikið upp úr útiveru strax í byrjun aðlögunar. Við nýtum alla daga í útveru yfir háveturinn þegar veður leyfir. Börnin fá einnig tíma í fataherberginu til að þess að æfa sig að klæða sig sjálf. Þessi tími tvinnast inn í hópastarfið. Þau læra heilmikið og eflast við þetta.

Varðandi fjölmenningu litum við svo á að börn á þessum aldri séu ekki komin með skilning á því að þau eigi rætur sínar að rekja til annarra landa og því var ekki verið að vinna sérstaklega með þann þátt.

Samverustundir, matartímar og hvíld gengu vel. Börnin eru ekki lengi að átta sig á notalegheitum gæðastundanna. Á skömmum tíma lærðu þau að sitja, syngja og hlusta á sögur. Samverustundir voru nýttar til að kenna þeim litina og tölustafina meðal annars. Börnin á þrastalandi skammta sér ekki mat sjálf, þau eru einfaldlega of ung og maturinn oft mikið heitur. Matartímar gengu yfir höfuð vel. Í hvíldinni á hvert barn sýna dýnu, sinn kodda og sitt teppi. Hvíldin gekk alltaf vel enda börnin fljót að komast uppá lagið með hvað hvíldin er notaleg.

Í heildina litið gekk starfið mjög vel, starfsfólk deildarinnar var mjög samstíga. Gagnkvæm virðing ríkti milli allra starfsmanna og allir fengu jöfn tækifæri til að láta ljós sitt skína. Allir starfsmenn voru með sama markmið að láta starfið ganga vel fyrir sig. Unnið var að því að kenna börnunum frumkvæði, sjálfsbjörg og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og taka virkan þátt í leik og starfi. Starfsmenn munu halda áfram að sýna börnunum ómælda umhyggju og hvetja þau áfram í að verða sjálfstæðir einstaklingar. Einnig munum við leggja áherslu á eftirfarandi atriði.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni, hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun	Að börnin auki orðaforða með virkri umræðu í samverustundum, sem og við matarborðið og hvenær sem er yfir daginn.	Leggja orð á allt sem við gerum í leik og starfi. Sýnum því sem þau hafa að segja áhuga með virkri hlustun og spyrjum þau spurninga. Þannig verða til umræður sem auka skilning þeirra og orðaforða.	Hefst að hausti þegar börnin byrja í leikskólanum	Allir starfsmenn deildarinnar	Söfnum gögnum og skráum hjá okkur framfarir í töluðu máli og aukningu á orðaforða. Notum heima tilbúna orðalista og t.d. orðaskil. Metum á deildarfundum í desember og maí.	Að börnin eflist í töluðu máli.
Unnið markvisst með sjálfstæði	Sjálfstæði aukið í daglegu starfi	Hafa trú á getu þeirra og hvetja þau áfram	Allt árið	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Símat allt árið. Skrá framfarir barnanna	Að börnin læri sjálfsbjörg og verði með því sjálfstæðari

3 Ytra mat

Ekki var framkvæmt ytra mat á þessu ári.

Innra mat

Töluverð umræða hefur átt sér stað um þau verkefni sem verið er að vinna með, komin er af stað skráning á því hvað börnin eru að gera í hópastarfi frá degi til dags og einnig er verið að skrá meira varðandi verkefni barnanna. Við prófuðum okkur áfram með myndrænt mat elstu barnanna á ýmsum þáttum starfsins og sáum að það væri aðferð sem við gætum nýtt okkur í meira mæli með börnunum. Nú er búið að ákveða hvernig ferilmöppurnar eiga að líta út og nýtast. Þær munu halda utan um hluta af þessu mati. Nú erum við einnig að nýta okkur matsaðferðir eins og Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, Efi 2 og Hljóm 2 ásamt heimatilbúnum listum. Við erum að leita fleiri leiða til að meta þau verkefni sem við vinnum með og halda þeirri leit áfram. Þetta er langtímaverkefni sem komið er af stað og heldur áfram í vinnslu.

Hópastarf

Gerðar voru breytingar á hópastarfinu með yngstu börnunum á eldri deildum varðandi vinnu með stærðfræði í upphafi starfsársins. Í ljós kom að starfsmönnum fannst þetta ekki gagnast börnunum eins og til var ætlast svo snúið var til baka og aftur tekin upp aukin vinna með félagsþroska og samskipti. Áfram var unnið í gerð vikuseðla og rýnt var í kennslugögnin og vinnu með þau. Starfsmenn telja að vikuseðlarnir séu góðir, þeir styðji vel við þá í starfinu og kennslugögnin og vinna með þau sé fín. Í þematengdri vinnu var ákveðið að auka umræðu við börnin um það sem verið er að vinna með hverju sinni sem starfsmenn sem starfað hafa lengi söknuðu frá fyrri tíð. Fannst starfsmönnum þessum þætti ekki hafa verið sinnt sem skyldi undanfarið. Nú er búið er að setja niður tillögu að vinnu með þema sem hafist verður handa við að kynna fyrir öllum og vinna að næsta haust. Alltaf er unnið að því að virkja börnin og hvetja þau til þátttöku í öllum þáttum hópastarfsins.

Á næsta starfsári er fyrirhugað að vinna að aftur að eftirfarandi þáttum:

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikskóla- bragur Viðmót og menning Velferð og líðan	Að kenna virðingu með því að sýna virðingu. Að í viðhorfum starfsfólks komi fram að það hafi trú á getu barnanna. Að starfsmenn séu uppbyggjandi og hvetjandi þegar þeir leiðbeina börnunum. Að starfsmenn hlusti á börnin til að heyra hvað þau segja og	Fræðast um “jákvæðan aga” t.d. fá kynningu bæði fyrir starfsmenn og foreldra, hitta aðra sem hafa unnið með efnið og lesa gögn Stofna verk- efnastjórahóp til að halda utan um vinnuna Setja upp tímalínu varðandi framgang verkefnisins þar	Hefst næsta skólaár	Verkefna- stjórahópur	Metið með öllum hvernig gengur einu sinni í mánuði út frá spurningalista sem við búum til sjálfar.	Að virðing sé borin fyrir öllum Að það sjáist að starfsmenn; hafi trú á getu barnanna, séu uppbyggjandi og hvetjandi, hlusti á börnin og bregðist við vangaveltum þeirra bregðist af fagmennsku við krefjandi hegðun gefi börnunum tækifæri til að leysa úr ágreiningi og búa til reglur þegar við á, fylgi ákvörðunum eftir með góðvild og festu.

	bregðist við því sem tjáð er. Að brugðist sé við krefjandi hegðun af fagmennsku. Að börnin fái tækifæri sjálf til að leysa ágreiningsmál og taki þátt í að búa til reglur þegar við á. Að ákvörðunum sé fylgt eftir með góðvild og festu	sem fram kemur hvað skal æfa hverju sinni, hvernig á að meta framganginn og hvernig við kynnum foreldrum og öðrum stöðuna				
Innra mat	Koma skipulagi á þær aðferðir sem við ætlum að nota við innra mat hvenær við notum þær og hvernig við birtum þær	Vinna úr gögnum sem nú þegar eru fyrir hendi Taka ákvarðanir um hvernig við ætlum að sinna þessum þætti	Skólaárið 2020 - 2021	Stjórnenda-teymið	Stjórnenda-teymið metur stöðuna í nóvember og maí Metið á deildarfund-um einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót	Að innra matið verði með tímanum kerfisbundið og hluti af starfi allra starfsmanna

		Setja upp matsáætlun				
Hópastarf	Kynna grunnildi hópastarfsins og hópastarfið allt fyrir nýjum starfsmönnum	Skoða kennslugögn og vikuseðla Ræða tilgang hópastarfsins	Skólaárið 2020 - 2021	Stjórnenda-teymið	Starfsmenn meta hvernig gengur í hverri viku með því að ská á vikuseðlana hvernig gekk	Unnið með kennslu-gögnin á einfaldan og skýran hátt. Grunngildin sem við vinnum eftir höfð í hávegum Virkja börnin til þátttöku



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tekur árlega ýmiskonar samtöl við starfsmenn. Á þessu starfsári voru tekin nokkur samtöl vegna veikindaleyfa, samtöl vegna endurkomu starfsmanna úr veikindum og starfslokasamtöl. Lítið varð úr samtölunum vegna starfsþróunar vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Sí- og endurmenntun í starfsmannhópnum var í gangi allt árið og ýmist einstaklingsmiðuð eða fyrir hópinn í heild á skipulagsdegi. Ekki fengu allir starfsmenn tækifæri til að fara á einstaklingsnámskeið en reynt var að koma á móts við alla eftir fremsta megni.

Á næsta skólaári verður lögð áhersla eins og fyrri ár á að fá inn í leikskólann námskeið og fræðslu sem gagnast starfsmannahópnum sem heild. Við val á fræðslu verður sjónum beint að áherslum næsta skólaárs, kröfum rekstraraðila og skólanámskránni.

Símenntun frá síðasta ári - skipulagsdagar

- Jákvæður agi – heilsdagsnámskeið – Jónína Hauksdóttir
- Kynning á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar – Anna Kristinsdóttir
- Fyrirlestur um klám, klámvæðingu og leikföng – Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
- Fyrirlestur frá KVAN – Jón Halldórsson

Önnur fræðsla sem sótt var út fyrir skólann skólaárið 2019 – 2020

- Lærdómssamfélag vegna læsis
- Handleiðsla fyrir deildarstjóra
- Fræðslufundur vegna fjölmenningar
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra
- Deildarstjóranámskeið
- Fyrirlestur um hlutverk starfsfólk leikskóla við innleiðingu breytinga
- Kynning um upplýsingatækni með ungum börnum
- Kynning á lærdómssamfélagi um mat og læsi í leikskólastarfi

Einnig voru haldnir lokafundir vegna LÆM verkefnisins sem leikskólastjóri sótti.

Sérkennslustjóri sótti sérkennslustjórafundir sem haldnir voru á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu fundir sem nefndir voru lærdómssamfélag stjórnenda og leikskólastjóri og einn deildarstjóri tóku aðeins þátt í lærdómssamfélagi um félagsþroska sem tengist nýju menntastefnu Reykjavíkurborgar. Tveir sérkennslustarismenn sóttu fundir um VP-mapp á þjónustumiðstöð Breiðholts.

Fyrirhuguð fræðsla fyrir alla á næsta skólaári

Jákvæður agi

Vinnustund

Skyndihjálpi

Barnasáttmálinn

Leikur að læra

Önnur fræðsla sem fyrirhuguð er á næsta skólaári fyrir alla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

Stefnan er sett á að sækja ráðstefnu tengda degi leikskólans.

Sérkennslustjóri og starfsmenn í sérkennslu stefna á að fara á vorráðstefnu hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg stefna á að fara saman í námsferð næsta vor.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg hafa á undanförunum árum verið með listasýningu í kringum Sumardaginn fyrsta í Hólagarði. Við það tækifæri eigum við þá hefð að elstu börn skólanna, opna sýninguna með söng og bjóða gestum og gangandi að skoða listaverk allra barnanna í skólunum. Nú í ár tókst ekki að sinna þessu vegna Covid-19.

Samstarf við Hólabrekkuskóla var með sama sniði og áður. Eftir áramót fóru börnin í heimsóknir í skólann. Í þessum heimsóknum var skólinn skoðaður, setið var í tímum með 1. bekk, frístundin skoðuð, farið í íþróttahúsið og farið á skemmtun hjá sex ára nemendum. Nemendur fyrsta bekkjar Hólabrekkuskóla koma einnig í tvær heimsóknir í leikskólann. Nemendur fimmta bekkjar koma líka í heimsókn á Degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin.

Hraunborg, Hólaborg, Suðurborg og Hólabrekkuskóli og eru þátttakendur í verkefninu Læsi, allra mál (LÆM) – Innleiðing sameiginlegrar læsisstefnu leik- og grunnskóla í Breiðholti í anda lærdómssamfélagsins. Bæði skólastigin hafa myndað teymi í sínum skóla fyrir verkefnið. Ráðgert er að auka samstarf í tengslum við LÆM verkefni, engar ákvarðanir hafa þó verið teknar.

Tónlistarskóli Sigursveins:

Samstarfið felst meðal annars í heimsókn elstu barna í tónlistarskólann og árlegu samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíð. Þetta samstarf féll niður vegna Covid-19. Stefnt að þessu á næsta ári.



Barnamenningarhátíð:

Elsti árgangur í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna á opunarhátíðinni. Því miður féll þetta niður að þessu sinni en við stefnum ótrauð á þetta verkefni á næsta ári.



Næst elstu árgangarnir tóku þátt í myndlistarsýningu á vegum Barnamenningar-hátíðar sem bar nafnið „Með sól í hjarta“ og voru verk barnanna til sýnis í Gerðubergi. Því miður féll þetta niður að þessu sinni en við stefnum ótrauð á þetta verkefni á næsta ári.

Borgarbókasafnið í Gerðubergi:

Skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið, börnin kynnst bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir. Einnig kemur Sögubílinn Æringi til okkar og er með sögustundir fyrir tvo elstu hópana.



Samstarf við slökkviliðið:

Starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir og taka það út að eldvarnir í leikskólanum séu ávallt eins og best verður á kosið. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og t.d. að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg. Þetta árið fengum við sent kennsluefni frá slökkviliðinu sem starfsmenn leikskólans sáu um.



Foreldrasamvinna

- Foreldrafélag er starfandi við skólann. Aðalfundur félagsins var haldinn í október. Félagið hefur t.d. tekið þátt í að halda opið hús fyrir jólin, aðstoðað við að halda jólaball, staðið fyrir sveitaferðum, leiksýningum, ýmsum uppákomum að sumri í garðinum, kostað útskriftarferð og fært skólanum ýmsar ómetanlegar gjafir.
- Foreldrafundir fyrir, foreldra barna á Lóu- og Spóalandi til kynningar á vetrarstarfinu voru 30. ágúst. Foreldrum barna á Þrastalandi var kynnt starfsemin á aðlögunartímabili barnsins.
- Foreldraviðtöl voru í október og áttu líka að vera í mars. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu þá fóru viðtölin eftir áramót fram að mestu rafrænt. Flestir foreldrar nýttu sér þau og voru ánægðir með starfið. Á næsta skólaári verða viðtölin í september og mars.
- Foreldraráð var starfandi og í því áttu sæti þrír fulltrúar foreldra.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

11. september – allur dagurinn

9. október – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli einnig með starfsdag)

20.nóvember – hálfur dagur eftir hádegi

Einn af þessum skipulagsdögum fyrir áramót er skipulagsdagur sem hefði með réttu átt að vera á vorönninni en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þá var ekki hægt að hafa hann.

4. janúar – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli í jólafríi)

10. maí – allur dagurinn (Hólabrekkuskóli einnig með starfsdag)

Vikuna 19.-26.maí munum við taka 2 og ½ starfsdaga vegna námsferðar

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Hraunborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 L	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		

7 Fylgigögn

7.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hraunborgar

<u>Sigríður Fanney Pálsdóttir</u>	<u>8.júlí 2020</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2020 – 2021 Hraunborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Halla María Þorsteinsdóttir

Ragnhildur Sigurðardóttir

Linda Hrönn Hermannsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs:

Betur tókst að manna foreldraráð þetta skólaár en árið á undan og voru foreldrar barna frá öllum deildum í foreldraráði þetta skólaár.

Foreldraráð hefur yfirlit starfsáætlun Hraunborgar fyrir skólaárið 2020-2021 og er ánægt með þær áherslur sem gerðar eru fyrir starfið. Starf leikskólans hefur heilt yfir verið gott að mati

foreldra. Faglegt starf og markvisst unnið með læsi, sem virðist sýna góðan árangur þegar komið er í grunnskóla.

Staðan á starfsmannamálum hefur batnað mikið frá síðasta ári en þá hafði foreldraráð miklar áhyggjur af stöðu starfsmannamála eftir mikla mannekleu það skólaárið. Foreldrar virðast almennt ánægðir með starf leikskólans og foreldraráð hefur ekki fengið til sín neinar neikvæðar umsagnir. Á Þrastalandi þótti utanumhald gott, starf með börnunum gott og sköpunarkraftur mikill. Á Lóulandi virðist ríkja mikill kærleikur, vel tekið á móti börnum og starfsfólk sýnir börnum mikla hlýju. Vel gekk einnig á Spóalandi þrátt fyrir að allir starfsmenn væru nýjir í upphafi árs. Starfsfólk virtist vinna vel saman og vinna gott starf með börnunum.

Þetta árið voru að sjálfsögðu eins og við vitum öll óviðráðanlegir þættir sem trufluðu skólastarf en starfsfólk stóð sig vel í krefjandi aðstæðum og gerði eins gott úr þeim og hægt var.

